

Garðabær
Hrönn Hafliðadóttir
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 2. júní 2023
UST202305-204/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 fyrir stígakerfi Garðabæjar.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 fyrir stígakerfi Garðabæjar.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að endurskoða stefnu um stígakerfi sem fjallað er um í 4. kafla greinargerðar aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 og á uppdráttum. Einnig mun endurskoðunin ná til stefnu aðalskipulags vegna almenningssamgangna. Auk þess kemur fram að markmið skipulagsins er að setja fram ítarlega stefnu um uppbyggingu stígakerfisins og viðmið um hönnun og yfirbragð mismunandi stígagerða. Lögð er áhersla á að umhverfi og uppbygging stíga styrki samgöngu- og útivistarmöguleika íbúa sveitarfélagsins og að stígakerfi Garðabæjar verði aðlaðandi, öruggt, skilvirkt, vistvænt og endurheimtandi fyrir alla aldurshópa.

Tengsl við aðrar áætlanir

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að innan sveitarfélagsins eru friðlýst svæði.¹ Því er mikilvægt að við vinnslu verkefnisins sé tekið mið að verndarákvæðum svæðanna.

Umhverfisstofnun bendir á að ef verkefnið nær til friðlýstra svæða óskar stofnunin eftir samráðsfundi með sveitarfélaginu varðandi verkefnið.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur

¹ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/>